

anda, þar sem ekki hefur komið fram, að aðalstefndi og stefnandi hafi átt nokkur skipti saman nema í sambandi við umrædda lóð, en rétt sinn til lóðarinnar leiðir varastefndi af rétti aðalstefnda, eiginmanns síns. Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins, að því er varastefnda varðar, að henni verði dæmt skylt að framselja stefnanda rétt sinn til lóðarinnar nr. 7 við Eskihlíð gegn greiðslu á kr. 1000.00 + kr. 1200.00 + kr. 375.00 að frádregnum kr. 250.00, eða gegn greiðslu á kr. 2325.00. Rétt bykir, að málskostnaður falli og niður, að því er varðar varastefnda og stefnanda.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Vegna mikilla anna við borgardómaraembættið í Reykjavík hefur dómur eigi orðið kveðinn upp í máli þessu fyrr en nú.

#### Dómsorð :

Stefndi Steingrímur Þórðarson á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Péturs Ketilssonar, í máli þessu, og fellur málskostnaður, að því er þá varðar, niður.

Stefnda Guðrúnu Pétursdóttur er skylt að framselja stefnanda rétt sinn til lóðarinnar nr. 7 við Eskihlíð gegn greiðslu á kr. 2325.00.

Málskostnaður fellur og niður, að því er þessa aðilja varðar.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 14. febrúar 1951.

Nr. 88/1948. **Lithoprent** (Gunnar Þorsteinsson)  
 gegn  
**Offsetprent h/f.** (Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson  
 í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Um firmanafn.

#### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. júní 1948, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt óheimilt að nota firmaheitið „Offsetprent“ og gert skylt að viðlögðum 500 króna dagsektum að láta má nafnið af hlutafélagaskrá Reykjavíkur. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með 3. gr. reglugerðar nr. 205/1943 er ljósprentun gerð að sérstakri grein handiðnaðar, sem sérnám þarf til, samkvæmt lögum um iðnaðarnám nr. 100/1938, nú lög nr. 46/1949, sbr. lög nr. 105/1936. Samkvæmt bréfi Landssambands iðnaðarmanna til Atvinnumálaráðuneytisins, dags. 20. nóvember 1945, og öðrum skýrslum, sem fram hafa komið í máli þessu, fellur svonefnd „offset“ prentun undir hugtakið ljósprentun. Offsetprent h/f var stofnað árið 1945 og tilkynnt til hlutafélagaskrár Reykjavíkur 7. apríl sama ár. Mun stefndi um þetta leyti hafa hafið ljósprentun, en þar sem hann hafði ekki neinn mann með meistararéttindum í ljósprentun í þjónustu sinni, var framkvæmdastjóra stefnda dæmd sekt hinn 24. júní 1946 fyrir brot á ákvæðum iðnaðarlaganna. Eftir þetta mun stefndi ekki hafa rekið ljósprentun, að undanteknum 9 mánaða tíma á árunum 1948 og 1949, eftir því sem málflutningsmaður stefnda hefur skýrt frá hér fyrir dómi, og ekki hefur stefndi nú í þjónustu sinni neinn mann með meistararéttindum í ljósprentun.

Áfrýjandi, sem rekið hefur ljósprentunarstofu hér í bæ síðan á árinu 1943, hefur samkv. 6. gr. laga nr. 42/1903 höfðað mál þetta og reist kröfur sínar á ákvæðum 10. gr. nefndra laga svo og 9. gr. laga nr. 84/1933.

Með því að stefndi hefur ekki um svo langan tíma, sem að framan greinir, rekið þá starfsemi, sem firmanafn hans bendir til, og nafnið gefur villandi hugmyndir um atvinnurekstur hans, þá telst rétt samkvæmt síðastnefndum lagaboðum að taka til greina kröfu áfrýjanda um, að stefndi láti má firmanafnið „Offsetprent“ úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur. Skal hann hafa gert ráðstafanir til þess innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlögðum dagsektum samkvæmt 2. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936, er ákveðast kr. 100.00.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00.

#### Dómsorð:

Stefnda, Offsetprent h/f, er óheimilt að nota heitið „Offsetprent“ í firmanafni sínu, og skal stefndi gera ráðstafanir til að afmá heitið úr hlutafélagaskrá Reykja-

víkur innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlögðum 100 króna dagsektum.

Stefndi greiði áfrýjanda, Lithoprent, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1800.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### **Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 9. okt. 1947.**

Mál þetta, sem dómtekið var 24. f. m., hefur Einar Þorgrímsson framkvæmdastjóri f. h. Lithoprent hér í bæ höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefni 28. nóvember 1946, gegn stjórn hlutafélagsins Offsetprents hér í bænum f. h. félagsins og krafizt þess, að hinu stefnda félagi verði talið óheimilt að nota heitið „Offsetprent“ að nafni og dæmt skylt, að viðlögðum 500 króna dagsektum, að láta má það nafn af hlutafélagaskrá Reykjavíkur. Loks hefur stefnandi krafizt málskostnaðar að mati dómsins úr hendi stefnda.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara* sýknu að svo stöddu og að málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Samþykktir stefnda eru dagsettar 19. marz 1945, og samkvæmt þeim var félagið stofnað í þeim tilgangi að reka prentsmiðju, bókaútgáfu, bókband, pappírssölu og annan skyldan atvinnurekstur. Stofnun félagsins var tilkynnt hlutafélagaskrá hér í bænum, og tók félagið þegar til starfa, en tilkynningin var birt í Lögbirtingablaðinu 29. maí 1945. Með bréfi, dagsettu 19. apríl 1945, kærði stefnandi yfir því, að framkvæmdastjóri stefnda, Hrólfur prentsmiðjustjóri Benediktsson, hefði hafið starfrækslu ljósprentstofu án þess að hafa til þess iðnréttindi, og var með því átt við þátt í starfsemi stefnda. Var höfðað mál gegn Hrólfi af hálfu valdstjórnarinnar og lauk því með dómi lögregluréttar Reykjavíkur 24. júní 1946, og var Hrólfur dæmdur til sektargreiðslu fyrir brot á iðnlöggjöfni og tilskipun um prentfrelsi frá 9. maí 1855, enda var talið í ljós leitt, að sams konar starfsemi væri rekin í vinnustofu stefnda og stefnanda í máli þessu, svipuð tæki notuð, starfsaðferðir hinar sömu í meginatriðum og verkefni eins. Nokkru fyrr en nefndur dómur var uppkveðinn, hafði Hrólfur sótt um leyfi til að ganga undir sveinspróf í ljósprentun, en umsókn hans var synjað. Stefnandi kveðst hafa ástæðu til að ætla, að stefndi haldi áfram sömu starfsemi og áður, en slíka starfrækslu telur hann því óheimila og ólöglega samkvæmt fyrrgreindum refsidómi, þar eð enginn, er hafi meistararéttindi til ljósprentunar, annist verkstjórn í vinnustofu stefnda.

Dómkröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að orðið Offsetprentun merki á íslenzku máli ljósprentun, en af framanrituðu sé ljóst, að stefndi hafi ekki heimild til að starfrækja þá iðn. Nafngift stefnda sé því brot á 10. gr. laga nr. 42 frá 1903 svo og 9. gr. laga nr. 84 frá 1933, og beri stefnda því að leggja niður og afmá slíkt nafn, enda varði brot á laga greinum þessum sektum í ríkissjóð. Til stuðnings framangreindri staðhæf-

ingu sinni hefur stefnandi vísað í umsögn Landssambands iðnaðarmanna, dags. 20. nóv. 1945, en afrit hennar var lagt fram í máli þessu (dómsskjal nr. 4.). Þar segir m. a., að samþykkt var á Iðnþingi 1943 að „mæla með því, að ljósprentun (Offset-Lithography) yrði viðurkennd sem sérstök iðngrein,“ og enn fremur að þingnefnd sú, er hafði málið til meðferðar, var „sammála um, að hið erlenda heiti iðnarinnar, Offset-Lithography, þýddi á íslenzku ljósprentun,“ og loks að iðninni hafi verið gefið það nafn, er Atvinnumálaráðuneytið breytti reglugerð um iðnnám. Samkvæmt þessu telur stefnandi nafn stefnda ólöglegt og villandi og auk þess líklegt, að atvinna hans sjálfs bíði við það hnekki, þar eð ekki hafi nú aðrir en hann meistararéttindi í ljósprentun.

Stefndi byggir aðalkröfu sína á því, að offsetprentun sé ekki sama starfsaðferð og ljósprentun eða lithoprentun, og mótmælir fyrrgreindri umsögn Landssambands iðnaðarmanna, að því er tekur til þýðingar orðsins á íslenska tungu, enda sé hér um ólíkar prentaðferðir að ræða. Loks telur stefndi nöfn aðilja svo ólík, að ekki verði á þeim villzt.

Varakröfuna byggir stefndi á því, að Hrólfur Benediktsson, er áður getur, hafi ákveðið að fara utan til að afla sér aukinnar þekkingar og námstíma í ljósprentun (lithography), og séu því góðar horfur á, að hann öðlist innan skamms full réttindi í iðngrein þessari. Auk þessa kveður stefndi, að í athugun sé, að það ráði til starfa við fyrirtækið mann, er rétt hafi til ljósprentunar. Telur stefndi því rangt, að bannað verði að nota nafnið, meðan á undirbúningi þessum standi.

Af framanskráðu er ljóst, að úrslit máls þessa velta á því, hvort stefndi hafi með nafngift sinni og skráningu hennar brotið fyrirmæli 10. gr. laga nr. 42 frá 1903, sbr. og 6. gr. sömu laga.

Gegn hinum eindregnu mótmælum stefnda er eigi unnt að telja stefnanda hafa fært á það sönnur hér fyrir dóminum, að prentaðferð sú, sem nefnd er offset, sé ekki notuð eða nothæf öðruvísi en liður í ljósprentun, sem á erlendu máli virðist ýmist nefnd Lithography, Photo-Lithography, Offset-Lithography og enn fleiri nöfnum, sem eru undir því komin, hver aðferð af mörgum er viðhöfð. Staðhæfing stefnanda, sú, að iðngreinin, sem á íslenzku nefnist ljósprentun, sé ljósprentun með offsetaðferð eingöngu, hefur heldur ekki næga stoð í gögnum málsins, til þess að unnt sé að leggja hana til grundvallar gegn andmælum stefnda. Með vísan til þessa svo og hins, að ekki verður séð, að nöfn fyrirtækjanna séu svo lík hvort öðru, að hætta þykir, að villzt verði á þeim, þykir verða að taka til greina sýknukröfu stefnda, enda fær sú háttsemi stefnda eða prentsmiðjustjóra þess, sem lýst var í fyrrgreindum lögregluréttardómi, engin áhrif haft á úrslit þessa máls.

Málalok verða því, að stefndi verður sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þenna hafa uppkveðið þeir Einar Arnalds borgardómari og meðdómsmennirnir Jóhann forstjóri Ólafsson og Gunnar Einarsson framkvæmdastjóri. Uppsögn dómsins hefur dregið nokkuð um venju fram sakir anna dómenda.

Dómsorð:

Stefndi, Offsetprent h. f., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Lithoprents, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 16. febrúar 1951.

Nr. 167/1949. **Fiskur & Ís h/f.** (Magnús Thorlacius)

gegn

**Højgaard & Schultz A/S og gagnsök**

(Gústaf A. Sveinsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson

í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Skaðabótamál.

### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 27. des. 1949 skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. s. m., gerir þessar dómkröfur: Aðallega að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 230.614.18, en til vara aðra lægri fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 10. ágúst 1943 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 10. janúar 1950 skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. s. m. Gerir hann þær kröfur, að hann verði algerlega sýknaður og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til ástæðna þeirra, sem raktar eru í héraðsdómi, ber að staðfesta ákvæði hans um, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda kr. 17000.00 bætur fyrir beint tjón ásamt 6% ársvöxtum frá 25. júlí 1944 til greiðsludags.

Af hendi aðaláfrýjanda eru ekki leiddar fullnægjandi sannanir að því, að hann hafi gert svo skjótar ráðstafanir og haldkvæmar, sem honum var unnt, til að afla einangrunarefnis annars staðar, eftir að honum urðu kunnar vanefndir gagnáfrýjanda. Sönnur brestur og fyrir því, hvert óbeint tjón aðaláfrýjandi kann að hafa beðið. Yfirmatsgerðin frá 10. nóvember 1948 verður að metast ógild, þar sem gagnáfrýjanda gafst ekki nægilegur kostur á því að gæta réttar síns við